

## **70. Stjórnarfundur Hverfisnefndar Oddeyrar 6. febrúar 2017 - Fundargerð.**

Mættir eru: Hjalti Jóhannessonar, Ingimar Tryggvason, Jón Einar Jóhannsson, Jón Ingi Cæsarsson og undirritaður.

### **1. Athugasemdir við breytingar á Deiliskipulagi Hafnarsvæðis sunnan Glerár (svæði 19.21).**

Hverfisnefnd gerir athugasemd og leggst alfarið gegn því að deiliskipulagi sé breytt á þessum stað á meðan ekki er hægt að breyta á öðrum stöðum á Oddeyri vegna vinnu við fyrirhugað Rammaskipulag.

Þá virðast vinnubrögðin vera þannig, að þarna sé landnotkun breytt í bága við gildandi skipulag (gámasvæðum raðað á athafnasvæði fiskihafnar) og skipulaginu breytt eftir á.

Hverfisnefnd telur nauðsynlegt að taka afgerandi afstöðu til starfsemi á hafnarsvæðum. Gámasvæði við Hjalteyrargötu er þannig úr öllum takti við íbúðarvæði í grenndinni og það verður að fara annað. Hávaði er á svæðinu á öllum tímum sólarhrings sem raskar næturró og truflar mannlíf í íbúðarhverfinu. Í 4. gr. lögreglusamþykktar fyrir Akureyrarkaupstað segir svo: "Bannað er að hafast nokkuð að sem veldur ónæði eða raskar næturró manna. Á virkum dögum skal halda næturró frá kl. 24.00 til 07.00. Um helgar og á helgidögum skal halda næturró frá kl. 24.00 til kl. 08.00". Ekki verður annað séð en að starfsemin brjóti í bága við þessi ákvæði. Mikið lýti er af gámasvæðinu, það spillir mjög ásýnd og útsýni.

Rammaskipulag Oddeyrar þarf að hafa afgerandi afstöðu til þess hvað heimilt er á hafnarsvæðunum og það sé í sátt við nágretta í íbúðarhverfunum. Hverfisnefndin fer fram á að deiliskipulagstillaga þessi verði ekki tekin til efnislegrar afgreiðslu fyrr en búið að klára ferlið sem hófst með gerð rammaskipulagsins.

### **2. Bréf nr. 2016010035/ 01-905 frá Guðríði Friðriksdóttur sviðsstjóra Umhverfis- og mannvirkjasviðs.**

Nefnd barst bréf vegna afgreiðslu Framkvæmdadeildar vegna athugasemda nefndar, gerðar á fundi nr. 67, 29. mars 2016. Þar lagði nefndin til að nokkrar folfgrindur yrðu færðar af Eiðsvelli á fleyglaga reitin milli Hjalteyrargötu og Ægisgötu. Framkvæmdadeild bendir þar, réttilega, á að staðsetningin hafi verið ákveðin í samráði við Hverfisnefnd og ekki sé hægt að færa völlinn á umræddan reit.

*Hverfisnefnd vill árétta, að hún hafi ekkert á móti á folfgrindum á Eiðsvelli, en nokkrar grindana eru "illa staðsettar" í blómabeðum og nærri götu og teldi ráð að færa mögulega 2-3 grindur á umræddan reit. Ekki sé nauðsynlegt að færa allan völlinn.*

- 3.** Nefnd veltir upp þeim möguleika að nýta þær 2 milljónir sem hún hefur til umráða í umhverfisátök sem framlag til endurbóta; hellulögn á þremur götustubbum milli Strandgötu og Gránufélagsgötu (Lundargötu, Norðurgötu, Grundargötu). Telur nefnd brýna þörf á "andlitslyftingu" þarna á elsta hluta Oddeyrar, staðurinn er bæði sögufrægur og fjölfarinn m.a. af ferðamönnum.

Hjalti Jóhannesson situr nú sinn síðasta fund hjá Hverfisnefnd Oddeyrar, en hann gengur úr nefnd vegna búferlaflutninga úr hverfinu. Nefnd þakkar honum gott og ötult starf innan nefndar og færir hann nefndarmönnum sínar bestu þakkir fyrir gott samstarf.

Á kaffihúsinu Símsstöðinni, Hafnarstræti 102,  
6. febrúar 2017

Arnór Bliki Hallmundsson, ritari stjórnar Hverfisnefndar Oddeyrar.